

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpförgun í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) í Mýrdalshreppi, sbr. samþykkt nr. 985/2001 um sorphirðu í Mýrdalshreppi, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	<i>Sorphreinsun og förgun</i>	<i>Gámavöllur og endurvinnsla</i>	<i>Samtals</i>
<i>Íbúðir</i>	Kr.	Kr.	Kr.
Íbúðarhús	18.870	19.620	38.490
Sumarhús	9.430	9.810	19.240
<i>Fyrirtæki</i>			
Flokkur 0		22.285	22.285
Flokkur 1	22.285	22.285	44.570
Flokkur 2	73.020	44.555	117.575
Flokkur 3	146.040	58.900	204.940
Flokkur 4	219.065	61.295	280.360
Flokkur 5	292.085	66.840	358.925

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvert sumarhús í sveitarfélaginu. Hver íbúð á rétt á tveimur sorptunnum annarri fyrir óflokkað sorp en hinni fyrir endurvinnsluefni. Gámar fyrir bæði flokkað og óflokkað sorp eru staðsettir í námunda við sumarhúsabyggðir. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum, sumarhúsum og fyrirtækjum skv. ákveðnu skipulagi. Sorpgjald er lagt á húsnaði fyrirtækja, geymslu- og verkstæðishúsnaði og er gjald fyrir sorphirðu og hreinsun innheimt eftir magni og er þá tekið mið af sorpmagni undangengins árs, þannig að flokkað er í 5 mismunandi flokka eftir sorpmagni.

Kostnaði vegna gámavallar og endurvinnslu er jafnað á íbúðir, þó þannig að sumarhús greiða aðeins 50% af gjaldinu. Sumarhús eru hús sem standa á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð. Gjald sem lagt er á fyrirtæki vegna þjónustu gámavallar og endurvinnslu fer hækkandi eftir magni úrgangs frá fyrirtækjunum. Lægsta fyrirtækjagjald vegna gámavallar og endurvinnslu er innheimt af bújörðum með búrekstur.

Hreinsunar og urðunargjöldum er jafnað á íbúðarhús og sumarhús, en fyrirtæki greiða hreinsunar- og urðunargjald eftir fjölda sorpílata og umfangi sorps.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 17. september 2015 og af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 21. janúar 2016. Jafnframt fellur brott gjaldskrá nr. 1119/2013.

*Vik í Mýrdal, 22. janúar 2016.*

**Ásgeir Magnússon** sveitarstjóri.